

Fundur stjórnar ÆSKP 4. júní 2020 í Grensáskirkju

Mætt: Jóhanna Ýr, Hákon Darri, Berglind, Katrín Helga, Aldís Elva, Anna Lilja, Erna Kristín og Daníel Ágúst. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

Fundur hófst kl. 17.16

Gleðigangan

Gleðigangan verður ekki haldin í ár.

Hugmynd hvort að við viljum vera með vitundarvakningu á annan hátt eins og með verkefnum eða viðburðum sem við viljum hvetja kirkjur til að bjóða upp á.

Hákon kemur með hugmynd um að á sunnudeginum í hinsegin vikunni ættu kirkjur að flagga pride-fánanum.

Við getum reynt að finna gamlar myndir frá göngunni sem að fara ekki gegn persónuverndarlögum og sett þær á heimasíðunna.

Hugmynd um hvort að sóknir geta verið með sína eigin göngu, t.d. ganga leið sem er jafn löng og gönguleið Gleðigöngunnar til að sýna stuðning. Það getur verið hluti af sunnudagsmessunni að hvetja fólk til að fara og ganga kílómeter. Þannig getum við líka ef til vill náð meira til eldra fólksins. Það væri jafnvel hægt að fara í göngutúr í messunni. Þetta er gert til að sýna sóknarfólki að við stöndum með hinseginfólki.

KUF verður haldið helgina þegar gleðigangan átti að vera.

Kirkjuþing unga fólksins

KUF verður haldið 8-9. ágúst í Neskirkju. Kristján Ágúst og Ása Laufey eru framkvæmdarstjórar.

Farið var yfir málin sem voru tekin í fyrra. Við sækjumst eftir hugmyndum af málum til að leggja fram á KUF. Á KUF hafa komið ýmis mál sem hafa áhrif á alla kirkjuna.

Landsmót

Kostnaðurinn lítur vel út eins og staðan er núna. Rútuþyrirtækin sem eru venjulega ódýr eru dýr núna og öfugt. Eins og staðan er núna er Guðmundur Tyrfings að keyra og Sæti Travel er búinn að gefa gott tilboð fyrir Austurlandið. Einu lokatölurnar sem að við eigum eftir að fá eru fyrir Norðurlandið.

Við erum komin með geggjað tilboð í matinn frá Arctic hotels. Jónína telur líklegt að við tökum því tilboði. Þau bjóða upp á girnilegan matseðil. Inn í þessu tilboði eru líka borð, stólar og allt slíkt. Það verður borðað í íþróttahúsinu og þau hafa allt til að græja upp þar ásamt því að íþróttahúsið á líklega dúka fyrir gólfið. Kostnaðurinn er ca. 7.800 kr. á mann. Í fyrra var það 9000 kr. á mann.

Okkur langar aftur að byrja mótið fyrr. Í fyrra átti mótið að byrja kl. 15, en allar rútur seinkuðu.

Jónína er búin að tala við Arctic hotels um gistingu fyrir landsmótsnefndina Smiðjurnar í fyrra voru mjög vel heppnaðar og við viljum halda þeim áfram næst. Það var sérstaklega gott að það var hægt að velja um þrjár smiðjur en ekki bara eina. Landsmót verður að þessu sinni á Hrekkjavökunni svo að það verður þema mótsins. Umsókn fyrir störf í Landsmótsnefndinni er opin til 17.júní.

Fundi slitið kl. 18.23